



TÆKNIBRAUT (TB)

Tveggja ára tæknibraut til stúdentsprófs er ætluð iðnaðarmönnum, 2.stigs vélstjórum og nemum af 2 ára grunndeildum sem hyggja á tækninám, t.d. iðntækni, tæknifræði, rekstrartækni eða verkfræði. Tæknistúdentspróf uppfyllir inntökuskilyrði HR, HA og Verkfræðideildar HÍ. **Nemendur þurfa að velja í samræmi við inntökuskilyrði þeirra háskóladeilda sem þeir stefna á.**

Áfangar	Viðbót	Heild
Íslenska	11 ein.	15 ein.
Danska	4 ein. (2 ein.)	4 - 6 ein.
Enska	9 ein. (11 ein.)	15 ein.
3. mál eða val	6 ein.	6 ein.
Náttúrufræði	21 ein.	21 ein.
Stærðfræði	20 ein.	24 ein.
Val	9 ein.	9 ein.
Alls	80 ein.	160 ein.

Valgreinar, dæmi stjórnunar- og rekstrargreinar, tölvufræði, verkgreinar annarra brauta, raungreinar, fjórða mál, samfélagsgreinar.

1.önn	2.önn	3.önn	4.önn
(DAN212)	ENS303	ENS403	ENSXX3
ENS212	ÍSL303	ÍSL403	ÍSL5033
ÍSL212	EÐL103	EÐL203	NÁTXX3
NÁT123	EFN103	EFN203	RGRXX3
VALXX3	STÆ303	STÆ503	STÆ603
STÆ202	STÆ403	STÆ413	VALXX3
STÆ313	(ÞÝS103)	(ÞÝS203)	VALXX3
ÍÞR XX1?	ÍÞRXX1?	ÍÞR XX1?	ÍÞR XX1?
17 ein	21ein	21 ein	21 ein

NÁM TIL STÚDENTSPRÓFS AÐ LOKNU STARFSNÁMI

Nemendur þurfa að velja í samræmi við inntökuskilyrði þeirra háskóladeilda sem þeir stefna á.

Nemendur sem lokið hafa starfsnámsbraut geta lokið stúdentsprófi með eftirfarandi hætti:

- Með því að láta meta starfsnámið inn á stúdentsbrautirnar (félagsfræðibraut, málabraut og náttúrufræðibraut) og ljúka síðan þeim fögum sem þá standa eftir. Sérgreinar starfsnámsbrautar má meta sem kjörsviðsgrein upp á 12 einingar auk þess sem nemendur fá 12 einingar metnar sem frjálst val.
- Nemendur á starfsnámsbrautum eiga kost á viðbótarnámi til undirbúnings námi á háskólastigi. Slíku námi lýkur með stúdentsprófi sem er samræmt í tilteknum greinum skv. ákvæðum í reglugerð. Stúdentsprófið eitt og sér tryggir ekki aðgang að öllu námi á háskólastigi hvorki hér á landi né í öðrum löndum. Einstakir háskólar eða háskóladeildir setja ýmsar sérkröfur sem nemendur þurfa einnig að uppfylla og í sumum tilvikum þurfa nemendur að gangast undir inntökupróf. Það er því mikilvægt að nemendur sem stefna að inngöngu í tiltekinn skóla á háskólastigi afli sér upplýsinga um þær kröfur sem viðkomandi skóli gerir um undirbúning.

Til þess að fá starfsnám auk viðbótarnáms viðurkennt til stúdentsprófs skulu nemendur hafa lokið a.m.k. 2ja ára starfsnámi. Það er þó ekki áskilið að nemendur í löggiltum iðgreinum hafi lokið sveinsprófi. Mismunandi kröfur eru gerðar til nemenda sem lokið hafa 2ja ára námi og hinna sem lokið hafa 3ja ára eða lengra námi.

Að loknu a.m.k. þriggja ára starfsnámi

Þeir nemendur sem lokið hafa a.m.k. þriggja ára starfsnámi geta lokið viðbótarnámi sínu með eftirfarandi hætti:

- skipulagt sjálfir í samráði við hlutaðeigandi framhaldsskóla miðað við skilgreind markmið um áframhaldandi nám á háskólastigi, eða
- lokið námi í eftirtöldum greinum þannig að heildarnám þeirra verði eins og tilgreint er í töflunni:

íslenska	15 ein.
enska	12 ein
stærðfræði	6 ein
Fyrri nám í þessum greinum kemur til frádráttar.	

tungum./náttúrufr. og stærðfr./félagsfr.gr. 12*

*Nemendur geta valið milli a) erlendra tungumála, b) náttúrufræðigreina og stærðfræði eða c) samfélagsgreina, 12 ein. Miða skal við að nám í tiltekinni námsgrein verði ekki minna en 9 ein. samtals. Stærðfræði er þó undanskilin frá 9 ein. reglunni. Fyrri nám kemur ekki til frádráttar.

Þær starfsnámsbrautir í VMA sem þetta á við um eru: **Húsasmíði, rafvirkjun, stálsmíði, vélvirkjun, sjúkraliðabraut, matartæknabraut og vélstjórnarbraut 3. stig**



Að loknu tveggja ára starfsnámi

Nemendur þurfa að velja í samræmi við inntökuskilyrði þeirra háskóladeilda sem þeir stefna á.

Þeir nemendur sem lokið hafa tveggja ára starfsnámi geta lokið viðbótarnámi sínu með eftirfarandi hætti:

a) skipulagt sjálfir í samráði við hlutaðeigandi framhaldsskóla miðað við skilgreind markmið um áframhaldandi nám á háskólstigi, eða

b) lokið námi í eftirtöldum greinum þannig að heildarnám þeirra verði eins og tilgreint er í töflunni:

Íslenska	15 ein.	
Enska	15 ein.	
Saga	6 ein.	
Náttúruvísindi		9 ein.
Stærðfræði	6 ein.	
Íþróttir	8 ein.	

Fyrra nám í þessum greinum kemur til frádráttar.

Einnig skulu nemendur bæta við sig námi í;

	12 ein. í 3ja tungumáli	
eða	12 ein. í stærðfræði	12 ein.
og	15 ein í samfélagsgreinum	
eða	15 ein í náttúrufræðigreinum	
eða	15 ein í íþróttagreinum	15 ein.

Fyrra nám í þessum námsgreinum kemur ekki til frádráttar. Nám í námsgrein skal ekki verða minna en 9 einingar samtals (fyrra nám + viðbótarnám). Saga og stærðfræði eru þó undanskyldar frá 9 eininga reglunni. Námsbrautir í VMA sem undir þetta ákvæði falla eru: **Málmiðngreinar fyrri hluti, vélstjórnarbraut 2. stig, íþróttabraut, viðskiptabraut.**